ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:30.000

SKÝRINGAR ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR

LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- L Iðnaðarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- Óbyggð svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Strandsvæði í flokki B
- E Efnistökusvæði
- Landfylling
- Ný strandlina, útgrafið
- Mörk landnotkunarreita á sjó
- R Fornminjar
- Blönduð landnotkun
- Stofnanasvæði með útivistargildi

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðrar götur
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- Útivistarstígur og reiðleið
- R Flutningslinur rafveitukerfis (Loftlínur)
- Svæði fyrir háspennulínur, línustæði ekki tilgreindur
- R Flutningslinur rafveitukerfis (Jarðstrengir)
- H Aðveitulögn hitaveitu
- V Aðveitulögn vatnsveitu
- F Útrás fráveitu
- L Ljósleiðari
- P Fallpipa (nýtt tákn)
- Dælustöðvar fráveitu

SKÝRINGAR SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR

- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Óbyggð svæði og almenn útivistarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Verndarsvæði (hverfisvernd)
- Vatnsverndarsvæði ; fjarsvæði, grannsvæði, brunnsvæði
- V Stofnlögn vatnsveitu
- Aðar götur
- Takmörkun umferðar vélknúinna farartækja
- Gönguleiðir, ekki til staðfestingar.
- Iðnaðarsvæði, inntakslón og stífla (nýtt tákn)
- P Fallpipa (nýtt tákn)

Sérmerking breytinga. ATH: Nýjar lagnir (fallpípa) ekki sérmerktar

BREYTING VIRKJUN Á GLERÁRDAL

GREINARGERÐ

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt vegna áforma um virkjun Glerár á Glerárdal.

Meginatriði

Fallorka ehf. hefur óskað eftir því við Akureyrarbæ að gerð verði breyting á aðalskipulagi Akureyrar og unnin tillaga að deiliskipulagi með því markmiði að reist verði 3,3 MW vatnsaflsvirkjun á Glerárdal.

Tilgangur virkjunarinnar er að framleiða raforku inn á dreifikerfi Norðurorku hf., í samræmi við markmið Fallorku ehf. sem er sala á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, á hagkvæmu verði í sátt við umhverfið.

Akureyrarbær hefur samþykkt að gerð verði breyting á aðalskipulagi til samræmis við tillögu að deiliskipulagi virkjunar á Glerárdal og annarra mannvirkja á svæðinu vegna uppbyggingar fólkvangs.

Frumkvæmd við vatnsaflsvirkjun felst í að stífla Glerá ofan hins eiginlega Glerárgils og leiða vatnið eftir um 6 km langri niðurgrafinni þrýstipípu að stöðvarhúsi í Réttarhvammi norðan Glerár. Virkjuð fallhæð verður um 240 m og uppsett afl um 3,3 MW.

Gert er ráð fyrir inntaksstíflu neðan við Heimara-Illagil, innan við neysluvatnslindir Norðurorku á Glerárdal, í rúmlega 300 m.y.s. Reiknað er með steinsteyptri stíflu en við hvorn enda steyptu stiflunnar kemur jarðvegsstífla. Inntakslón verður tæpur 1,0 ha og vatnsmiðlun hverfandi. Leggja þarf nýjan veg frá þjónustuvegi vatnsveitu að stíflustaði.

Gert er ráð fyrir litlu stöðvarhúsi í Réttarhvammi en frá húsinu verður frárennslisskurður að Glerá. Aðkoma að stöðvarhúsi verður um nýjan veg frá Hlíðarfjallsvegi. Gert er ráð fyrir göngustíg ofan á og meðfram niðurgrafinni fallpipu, sem mun tengjast við stigakerfi bæjarins.

Samhliða ákvörðun um að leggja fram tillögu um virkjun á Glerárdal samþykkti bæjarstjórn að stofnt skyldi að því að hluti Glerárdals yrði skilgreindur sem fólkvangur í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999, gr. 55. Innan fyrirhugaðs fólkvangs verður svæði, sem nú er hverfisverndarsvæði skv. aðalskipulagi svo og Glerárgil, sem er á náttúruminjaskrá. Stærð fyrirhugaðs fólkvangs verður 74,4 km². Skv. tillögu starfshóps um fólkvang á Glerárdal er gert ráð fyrir að mörk hans verði utan þeirra mannvirkja sem gert er ráð fyrir vegna virkjunar og því er ekki gert ráð fyrir virkjun í friðlýsingarskilmálum. Þegar vinnu við stofnun fólkvangs er lokið verður gerð breyting á aðalskipulagi Akureyrar þar sem mörk fólkvangs verða sett inn á uppdrátt, friðlýsingarskilmálar skilgreindir í greinargerð og Glerárgil (frá Hlíðarbraut að ármótum Glerár og Hlífár) fellt úr sem svæði á náttúruminjaskrá. Afmörkun fólkvangs er ekki hluti aðalskipulagsbreytingar þessarar.

Forsendur:

Glerárdalur er um 15 km langur dalur sem gengur inn úr Eyjafirði vestanverðum til suðvesturs. Dalurinn er girtur háum fjöllum á báða vegu. Glerá á upptök við rætur Glerárdalshnjúks og Kerlingar, og fellur um Glerárdal til sjávar í Akureyrarkaupstað, alls um 22 km leið. Vatnasvið árinnar er 97 km² og meðalrennsli 3,0-3,5 m³/s. Glerá er blanda dragár og jökulár, en nokkrir smájökla er eru á Glerárdal.

Utanverður Glerárdalur er allvel gróinn næst ánni, mólendi, graslendi og mýrar. Gilið er þar að mestu klettalaust, skiptast á grónir bakkar og lítt grónar malarskriður. Í norðurhlíð dalsins, um 8 km frá sjó, eru nokkrar lindir virkjaðar fyrir vatnsveitu Norðurorku. Ofan bæjarins eru mikil verksummerki malarnáms beggja vegna árinnar og nýlega aflagðir sorphaugar Akureyringa eru á Langamó, sunnan árinnar.

Akureyrarbær á land og vatnsréttindi á Glerárdal.

Samgöngur

Hlíðarfjallsvegur liggur norðan Glerár, frá Réttarhvammi að skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Frá honum liggur þjónustuvegur að neysluvatnslindum Norðurorku á Glerárdal.

Náttúruminjaskrá

Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli að ármótum Glerár og Hlífár er á náttúruminjaskrá, sbr. svæði nr. 508 í náttúruminjaskrá:

Glerárgil. Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Sögumínjar.

Hverfisvernd

Stífla, inntakslón og efri hluti fallpipu verða innan hverfisverndarsvæðis 3.31.2 Hv. Mannvirkin hafa lítil áhrif á viðfang hverfisverndar (náttúrufar og útivistargildi).

Breyting á greinargerð

Kafli 4.6 Athafnasvæði

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Nýtt athafnasvæði er skilgreint í Réttarhvammi. Svæðið er afmarkað til samræmis við þá nýtingu og landnot sem þar hafa verið um langt árabil. Svæðið verður án varanlegra bygginga. Ný lína í yfirlitstöflu með skipulagsákvæðum.

Breytt skipulag (nýtt svæði)

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.61.7 A	1,7	Efnisloosunarsvæði við Réttarhvamm	Í notkun.	Athafnasvæði fyrir efnislosun og geymslu. Engar varanlegar byggingar

Kafli 4.7 Iðnaðarsvæði

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Ný svæði eru skilgreind í yfirlitstöflu með skipulagsákvæðum.

Breytt skipulag (ný svæði)

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.51.4 I	1,0	Inntakslón Glerárvirkjunar efri	Ogert. Stífla og uppistöðulón	Upphygging skv. deiliskipulagi
1.61.6 I	-	Glerárvirkjun efri	Ohyggt. Stöðvarhús	Upphygging skv. deiliskipulagi

Kafli 4.18.2 Svæði á náttúruminjaskrá

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Skipulagsákvæðum er breytt.

Breytt skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
161.5 N	103	Glerárgil, frá Hlíðarbraut að ármótum Glerár og Hlífár.	Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Sögumínjar.	Svæði á náttúruminjaskrá. *Öll mannvirkjagerð óheimil*

Breytt skipulag (breytt skipulagsákvæði)

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
161.5 N	103	Glerárgil, frá Hlíðarbraut að ármótum Glerár og Hlífár.	Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Sögumínjar.	Svæði á náttúruminjaskrá. **Mannvirkjagerð heimil í samræmi við aðal- og deiliskipulag.**

Breyting á sveitarfélagsuppdrætti

- Inntakslón Glerárvirkjunar er táknað með bláum lit en stífla með grárri línu (sbr. iðnaðarsvæði).
- Fallpipa virkjunarinnar er sýnd og merkt P. Samsvarandi tákni er bætt í skýringar.
- Aðkomuvegur frá Hlíðarfjallsvegi er sýndur sem „aðrar götur". Leiðin fylgir að mestu gömlum vegum og slóðum.
- Innan hverfisverndarsvæðis 1.51.2 Hv, 1.51.1 O og vatnsverndarsvæða í Hlíðarfjalli er skilgreint svæði þar sem umferð vélknúinna farartækja er takmörkuð (sbr. kafla 4.19 í greinargerð). Afmörkun svæðisins er breytt við inntakslón virkjunar og aðkomuveg neðan vatnsverndarsvæðis þannig að mannvirki og vegur verða utan svæðisins.
- Gönguleiðir á Glerárdal eru sýndar til skýringar (ekki staðfestar skipulagslínur). Þær hafa verið endurskoðaðar í tengslum við gætlanagerð um fólkvang og virkjun. Endurskoðaðar línur eru sýndar á breyttum sveitarfélagsuppdrætti.

Breyting á þéttbýlisuppdrætti

- Nýtt iðnaðarsvæði,1.61.6 I, skilgreint í Réttarhvammi ofan Glerárbrúar. Ný aðkomuleið frá Hlíðarfjallsvegi. Iðnaðarsvæðið er merkt með hringtákni þar sem umfang lóðar og mannvirkja er lítið.
- Nýtt athafnasvæði, 1.61.7 A, skilgreint í Réttarhvammi ofan Glerárbrúar.
- Fallpipa virkjunarinnar er sýnd og merkt P. Samsvarandi tákni er bætt í skýringar.
- Mörk svæðis á náttúruminjaskrá eru endurskoðuð og dregin á gilbörmum Glerárgils. Breytt mörk taka mið af viðfangi náttúruverndar. Í aðalskipulagi miðast afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá við Glerárgil og nær lengra upp eftir dalnum og lengra til norðurs (að Bandagerðisbrú) en sýnt er á uppdráttum Umhverfisstofnunar. Afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá í aðalskipulagsuppdrætti felur í sér Glerárgil allt að fráfoldum brúm og mannvirkjum við Réttarhvamm.

Áhrifamat - umhverfisskýrsla

Gerð er grein fyrir helstu forsendum og tengslum við aðrar áætlanir í lýsingu skipulagsverkefnisins frá desember 2013 á vefsíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is[1].

Breyting á aðalskipulagi ásamt deiliskipulagi fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna liðar 3 í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 *…vatnsorkuver með uppsett rafafl 200 kW eða meira…*. Fyrirhuguð framkvæmd skal tilkynnt Skipulagsstofnun sem metur hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.t.t. eðlis, umfangs og staðsetningar.

Skipulagskostir

Gert er ráð fyrir stöðvarhúsi í Réttarhvammi ofan Hlíðarbrautar, vestan/norðan Glerár, skammt frá árbakkanum. Aðrir kostir voru ekki metnir enda staðurinn sjálfgefinn miðað við aðstæður (milli efra og neðra Glerárgils) og afstöðu til neðri Glerárvirkjunar. Tveir kostir komu til greina fyrir stíflu og inntakslón og voru þeir bornir saman í kynningu virkjunarkosta[2].

- **Kostur I**. Inntaksstífla skammt neðan göngubrúar vestan sorphauga, í rúmlega 200 m y. s. Virkjuð fallhæð um 135 m, uppsett afl um 2,2 MW.
- **Kostur II**. Inntaksstífla lítlu framar en neysluvatnslindir Norðurorku á Glerárdal, í rúmlega 300 m y. s. Virkjuð fallhæð um 238 m, uppsett afl um 3,3 MW.

Áhrifamat

Efirfarandi umhverfisþættir eru metnir m.t.t. umhverfisáhrifa: Náttúrumínjar og verndarsvæði, gróður, fuglalíf, lífríki Glerár, jarðfræði og jarðmyndanir, landslag og sjónræn áhrif, formleifar og sögustaðir, samfélagsleg og hagræn áhrif og áhrif á útivist og ferðamennsku. Lióirnir gróður, fuglalíf, lífríki Glerár, jarðfræði og jarðmyndanir, landslag og sjónræn áhrif eru til einföldunar teknir saman í liðnum Náttúrufar.

Skipulagskostir I og II eru bornir saman og núll-kostur hafður til hliðsjónar. Eðli áhrifa eru táknuð með lit sbr. skýringarmynd hér til hliðar. Megintriði, athugasemd eða skýring er birt við viðkomandi lið.

Efirfarandi áhrifamat byggist að stórum hluta á kynningu á mati virkjunarkosta frá mars 2013[2].



Helstu áhrif eru sýnileiki stíflu og inntakslóns. Fallpipa verður niðurgrafin og mun hafa óveruleg áhrif á umhverfið þegar frá líður. Vegir verða að stórum hluta lagðir ofan á núverandi vegi, annars vegar gamla veginn upp í Hlíðarfjall og hins vegar vegslóða að vatnsbólum. Vegir og stigar munu ekki raska sérstökum náttúrufyrirbrigðum eða landslagi á neikvæðan hátt. Stöðvarhús verður á röskuðu landi í byggð á milli efri og neðri hluta Glerárgils og hefur hvorki áhrif á gilið sjálft né ónnur náttúrufyrirbrigði. Breytt afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá tekur mið af viðfangi náttúruverndar á svæðinu og miðast við gilbarma Glerárgils. Breytt mörk svæðis með takmarkaða umferð hefur ekki áhrif á meginforsendur þeirrar afmörkunar, sem er annars vegar vatnsvernd og hins vegar útivist á og við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli.

Fyrirhuguð framkvæmd styður efiirtalin markmið Aðalskipulags Akureyrar 2005-2018 (kafli 2.4. Atvinnu- og tekinmál):

- Veitukerfi þjóni íbúum og atvinnulífi á vistvænan og hagkvæman hátt.
- Trygggð verði næg og örugg raforka til einkaneyslu og iðnaðarnota á sem hagkvæmastan hátt.
- Allar hugmyndir um mannvirki uppi á Hlíðarfjalli og í Glerárdal skal gaumgæfa vel áður en þau yrðu leyfð. Trygggja þarf að núverandi og hugsanleg vatnsöflunarsvæði biði ekki skaða af og að ónnur náttúruspjöll hljótist ekki af.

Framkvæmdin mun bæta aðgengi að Glerárdal sem útivistarsvæði. Hún styður því eitt meginmarkmiða laga um náttúruvernd nr. 44/1999 (3. mbg. 1.gr.).

- Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Framkvæmdin styður jafnframt stefnumiðun sjónvelda. Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áhershur 2010-2013, kafli 13 Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa.

13.1 Endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

13.2 Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga.

Niðurstaða

Kostur II er valinn m.t.t. orkuframleiðslu og umhverfisáhrifa. Umhverfisáhrif felast í sýnileika mannvirkja. Virkjun og tilheyrandi mannvirki hafa ekki ónnur umtalsverð eða neikvæð áhrif á umhverfið. Jafnframt er litið til þess að framkvæmdin bæti aðgengi að Glerárdal og opni hann enn frekar til útivistar og náttúruskoðunar.

[1] http://www.akureyri.is/static/files/Skipulagsdeild/Deiliskipulog/Glerardalur-folkvangur/lysing.pdf

[2] Fallorka, Verkfræðistofa Norðurlands, Efla. *Virkjun í Glerá ofan Akureyrar. Kynning virkjunarkosta.* Mars 2013

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31, og 1. mgr. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar
þann _____

_____
bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun
þann _____

_____ _____

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

BREYTING
Virkjun á Glerárdal

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar | Mælikvarði 1:10.000 | Dags. 29. janúar 2014

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI HAFNARÁRVEGI 10 600 AKUREYRI SÍMI 461 2540 KENNITALA 470794-2462
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK SÍMI 552 4540
arki@teikna.is www.teikna.is